Markaðspunktar

Arion banki

Arion banki ▪ Greiningardeild ▪ greining@arionbanki.is ▪ arionbanki.is

Markaðspunktar í dag:

- Talsverð verðbólga í júní
- Gjaldeyrisútboð Seðlabankans

Talsverð verðbólga í júní

Verðlag hækkaði um 0,5% í júní frá fyrri mánuði samkvæmt nýrri verðmælingu Hagstofunnar og mælist ársverðbólgan því nú 4,2% samanborið við 3,4% í maí. Spá Greiningardeildar hljóðaði upp á 0,6%. Frávikin má rekja til lækkunar á flugfargjöldum ásamt því sem húsnæðisliðurinn hafði veikari áhrif en við höfðum gert ráð fyrir.

Talsverð kostnaðarverðbólga gengur nú yfir þar sem áhrif vegna launahækkana, hækkandi hrávöruverðs og veikingar krónunnar koma fram á sama tíma. Að mati Greiningardeildar má nú þegar greina veik merki þess efnis að birgjar og kaupmenn séu farnir að ýta kostnaðarhækkunum út í verðlagið en fyrstu launahækkanir vegna kjarasamninga áttu sér stað 1. júní sl. Við gerum þó ráð fyrir að sterkari áhrif komi fram á komandi mánuðum. Nú þegar hefur verðlagsnefnd búvara stigið fram og tilkynnt gjaldskrárhækkun á mjólk og öðrum mjólkurafurðum 1. júlí nk. Greiningardeild gerir ráð fyrir að aðrir birgja og kaupmenn fylgi í kjölfarið.

Erfiður kokteill að glíma við

Ársverðbólgan færist sífellt fjær verðbólgumarkmiði Seðlabankans og útlit er fyrir að því verði ekki náð á komandi mánuðum. Seðlabankinn er því að glíma við talsverða kostnaðarverðbólgu á sama tíma og brothættur efnahagsbati er nýlega hafinn. Eins og Greiningardeild hefur margoft bent á er þetta erfiður kokteill að glíma við þar sem vaxtahækkun ofan í þann slaka sem framundan er í hagkerfinu er að okkar mati eingöngu til þess fallinn að auka enn frekar verðbólgu og slakann í hagkerfinu – enda hafa fyrirtæki ekki svigrúm til að taka á sig enn eina kostnaðarhækkunina. Við vonum því að Seðlabankinn sitji á sér og horfi framhjá þeim verðbólgukúfi sem gengur yfir, á endanum gengur kostnaðarverðbólga yfir (enda ekki hægt að ýta endurtekið kostnaðarhækkunum út í verðlagið) – nema þá auðvitað ef nýr kostnaður bætist við.

Bráðabirgðaspá fyrir næstu mánuði:

- **Júlí: -0,35%.** Útsöluáhrif koma fram. Eldsneytisverð hefur lækkað það sem af er mánuði.
- **Ágúst: +0,30%.** Áhrif vegna útsöluloka koma fram að hluta.
- **September: +0,50%.** Seinni hluti áhrifa vegna útsöluloka koma fram. Aðrar árstíðabundnar hækkanir.

Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir verður tólf mánaða verðbólga komin í 5,1% í september.



Helstu hækkunarliðir í júní:

- **Matvörur hækka í verði – frekari hækkanir framundan.** Sterk verðbólguáhrif komu fram vegna verðhækkunar á matvörum. Þessa hækkun má að mestu leyti rekja til hækkunar á verði kjötvara en aðrir liðir hækkuðu einnig lítillega í verði. Verðhækkun á kjöti má rekja til hrávöruverðshækkana úti í heimi og veikingu krónunnar þar sem dýrafóður hefur hækkað í verði á síðustu mánuðum. Að okkar mati eiga frekari verðhækkanir hins vegar eftir að koma fram á öðrum liðum en kjötvörum, eins og mjólkuafurðum, hveiti og brauðmeti – þau áhrif koma að öllum líkindum fram í næsta mánuði.

- **Húsnæðisverð hækkar.** Þrátt fyrir að verðmæling hjá fasteignaskrá sem birtist fyrr í mánuðinum gaf til kynna að verulegar verðhækkanir væru á verði íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu (hækkun 2,7% milli mánaða) þá eru áhrif húsnæðisliðar ekki eins sterk og við höfðum gert ráð fyrir.

- **Ýmsar árstíðabundnar hækkanir.** Almennar verðskrárhækkanir eiga sér oft á tíðum stað yfir júnímánuði, í verðmælingu Hagstofunnar má greina slíkar hækkanir, sem dæmi hækka tómstundir og menning í júní.

Helstu lækkunarliðir í júní:

- **Flugfargjöld lækka.** Eftir tveggja mánaða samfleytta hækkun á flugfargjöldum mældist lækkun á flugfargjöldum í júní. Almennt sveiflast þessi liður mikið milli mánaða, þ.e. hækkun einn mánuðinn er ávísun á lækkun þann næsta. Yfir sumarmánuðina er hins vegar ekkert mynstur fast í hendi. Í gegnum tíðina hafa flugfargjöld staðið í stað í júlí en í ljósi þessa gerum við ráð fyrir að lækkunin nú gangi tilbaka fyrr en í fyrsta lagi í ágúst/september.

- **Eldsneytisverð lækkar.** Eldsneytisverð lækkaði í mánuðinum um rúmlega prósentustig frá fyrri mánuði. Á síðustu dögum hefur eldsneytisverð haldið á fram að lækka.

Gjaldeyrisútboð Seðlabankans

Seðlabankinn stóð á dögunum fyrir útboði á erlendum gjaldeyri fyrir svokallaðar aflandskrónur. Þetta var fyrsti liðurinn í afnámi gjaldeyrishafta. Nú stendur yfir seinni helmingur gjaldeyrisútboðanna, sem felur í sér að Seðlabankinn vill endurheimta þær evrur sem hann lét frá sér, ásamt því að taka hluta (9

krónur) af því sem er til skiptanna í þóknun. Hámarksverð í krónuútboðinu verður 210 kr. fyrir evru en meðalverð í síðasta evruútboði var tæpar 219 kr. á evru.

Ekki verður annað séð en að lífeyrissjóðirnir séu „eini" markhópurinn í þessum hluta afnáms hafta þar sem þröngir annmarkar eru settir þeim sem kaupa krónurnar í útboðinu. Væntanlegum kaupendum er gert skilt að fjárfesta einvörðungu í RIKS 30 0701 og eiga viðkomandi bréf í a.m.k. 5 ár án þess að selja þau. Gengishagnaður og krafa nýja skuldabréfaflokksins gerir það að verkum að tilboð Seðlabankans lítur vel út í augum einhverra lífeyrissjóða. Einnig má nefna að gerð flokksins (langur verðtryggður flokkur) fellur vel að fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna almennt.

Þrátt fyrir að vissulega sé mikilvægt að öll skref í afnámi gjaldeyrishafta gangi vel þá verður að túlka þetta útboð (og niðurstöðuna þegar að því kemur) af mikilli varfærni. Enda þótt að verulegur áhugi verði hjá lífeyrissjóðunum að koma inn á genginu 210 kr. fyrir evru þá þarf það síður en svo að endurspegla áhuga annarra fjárfesta á svo lágu evrugengi. Mikil eftirspurn lífeyrissjóðanna eftir kaupum á krónum í útboðinu gæti því einfaldlega þýtt að þeir séu að greiða krónurnar of háu verði, ef enginn áhugi ríkir hjá öðrum fjárfestum fyrir sömu kjörum.

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is